



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

# Leníngrad-sinfónían

11. febrúar 2016





MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

### Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og eru aðgengilegir í Sarpinum á [ruv.is](http://ruv.is).

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu í Sjónvarpi Símans og eru aðgengilegir áskrifendum útsendinganna í kjölfarið.

### Áætluð tímalengd verka:

Píanókoncert: 33'

Sinfónía nr. 7: 80'

Aðalstyrktaraðili:

**GAMMA**



@icelandsymphony

#sinfó

[www.sinfonia.is](http://www.sinfonia.is)

# Leníngrad-sinfónían

Tónleikar í Eldborg 11. febrúar 2016 » 19:30

**James Gaffigan** hljómsveitarstjóri

**Kirill Gerstein** einleikari

**Pjotr Tsjaikovskij**

*Píanókonsert nr. 1 í b-moll op. 23 (1874/79)*

*Allegro non troppo e molto maestoso*

*Andantino semplice*

*Allegro con fuoco*

*Hlé*

**Dmítrij Shostakovitsj**

*Sinfónía nr. 7 í C-dúr, op. 60 („Leníngrad“, 1941)*

*Allegretto*

*Moderato (poco allegretto)*

*Adagio –*

*Allegro non troppo*

## James Gaffigan

hljósveitarstjóri



 @JamesGaffigan

James Gaffigan er einn eftirsóttasti hljósveitarstjóri Bandaríkjanna af yngri kynslóðinni. Hann er aðalstjórnandi Sinfóníuhljósveitarinnar í Luzern og aðalgestastjórnandi Útvarpshljósveitarinnar í Hollandi. Auk þess gegnir hann stöðu aðalgestastjórnanda Gürzenich-hljósveitarinnar í Köln. Gaffigan fæddist í New York árið 1979 og stundaði nám við New England Conservatory of Music og Rice University í Houston. Þá sótti hann framhaldsnámskeið í hljósveitarstjórn á sumaráttíðunum í Aspen og Tanglewood. Hann hreppti fyrstu verðlaun í Georg Solti-keppninni árið 2004 og var um árabíl aðstoðarstjórnandi við Cleveland Orchestra og Sinfóníuhljósveitina í San Francisco.

Gaffigan stjórnar helstu hljósveitum um allan heim, m.a. Tonhalle-hljósveitinni í Zürich, Sinfóníuhljósveitunum í Vínarborg, Chicago, Sídney og San Francisco, Útvarpshljósveitinni og Þýsku sinfóníuhljósveitinni í Berlín, og Fílharmoníuhljósveitunum í Los Angeles og New York. Hann þreytti frumraun sína við Vínaróperuna árið 2011 þar sem hann stjórnaði *La bohème* og honum var strax boðið að koma aftur skömmu síðar til að stjórna *Don Giovanni*. Á þessu starfsári stjórnar hann þar *Brúðkaupi Fígarós*, og stjórnar auk þess *Don Giovanni* við Bæversku þjóðaróperuna í München. Einnig stjórnar hann Orchestre de Paris og Orchestre National de France, svo aðeins fáein verkefni hans séu upp talin. Gaffigan hefur einnig hljóðritað fjölda hljómdiska, meðal annars sinfóníu nr. 6 eftir Dvořák fyrir Harmonia Mundi, og sinfóníur nr. 3 og 4 eftir Prokofiev fyrir Challenge Classics.

Gaffigan hefur þrívégis áður stjórnað Sinfóníuhljósveit Íslands, fyrst í Háskólabíói 2008 og 2010, og í Hörpu árið 2013.

## Kirill Gerstein

einleikari



 @KirillGerstein

Kirill Gerstein fæddist í Voronezh í Rússlandi árið 1979. Hann hóf ungur nám bæði í klassískum og djasspíanóleik og fluttist til Bandaríkjanna 14 ára gamall til að læra djasspíanóleik við Berklee School of Music í Boston, og var yngsti nemandi sem nokkru sinni hafði hlotið þar skólavist. Seinna stundaði hann framhaldsnám við Manhattan School of Music og lauk þaðan meistaraþráðu aðeins tvítugur að aldri, auk þess sem hann stundaði nám hjá Dmitri Bashkírov í Madrid.

Gerstein hreppti fyrstu verðlaun í Arthur Rubínstein-píanó-keppninni árið 2001, en hann vakti heimsathygli þegar honum hlotnuðust hin óvenjulegu Gilmore-verðlaun árið 2010. Þau eru veitt á fjögurra ára fresti þeim píanóleikara sem þykir búa yfir einstökum tónlistargáfum og persónulegri tjáningu. Dómnefnd velur verðlaunahafann án tilnefninga og verðlaunaféð nemur 300.000 Bandaríkjadöllum. Meðal fyrri verðlaunahafa má nefna Leif Ove Andsnes og Piotr Andrzejewski.

Gerstein hefur komið fram sem einleikari með öllum helstu hljómsveitum heims. Á þessu starfsári leikur hann m.a. með Sinfóníuhljómsveitinni í Chicago, Fílharmóníuhljómsveit Berlínar, Concertgebouw-hljómsveitinni, Lundúna-fílharmóníunni og Fílharmóníuhljómsveitinni í Los Angeles. Hann hefur einnig haldið einleikstónleika í Carnegie Hall, Kennedy Center, Wigmore Hall og á Salzburgerháttíðinni. Gerstein er einnig mikill áhugamaður um nýja tónlist og hefur pantað og frumflutt verk m.a. eftir Timo Andres, Chick Corea, Oliver Knussen og Brad Mehldau.

Í fyrra kom út hljómdiskur þar sem Gerstein og James Gaffigan flytja píanókonsernt nr. 1 eftir Tsjajkovskíj ásamt Þýsku sínfóníuhljómsveitinni í Berlín, og hlaut hann ECHO Klassik-verðlaunin. Meðal annarra hljómdiska hans má nefna *Myndir á sýningu* eftir Músorgskíj, sem gagnrýnendur *New York Times* völdu besta disk ársins 2014. Gerstein hefur einu sinni áður leikið með Sinfóníuhljómsveit Íslands, seinni píanókonsernt Brahms í Háskólabíói árið 2011.

## Pjotr Tsjajkovskíj

Píanókonsert nr. 1



Sagan hefur að geyma ótal dæmi um listaverk sem vöktu hneykslan eða andúð í upphafi en sem síðari kynslóðir hafa talið til meistaraverka. Sjaldan hefur dómharkan þó verið jafn óskiljanleg og hjá Nikolai Rubinstein, rússneska píanósnillingnum sem var skólastjóri Tónlistarháskólans í Moskvu. Á aðfangadagskvöld 1874 lék Pjotr Tsjajkovskíj (1840–1893) glænýjan píanókonsert sinn fyrir Rubinstein í þeirri von að fá hjá honum hvatningu, og hugsanlega fáeinar athugasemdir um eitthvað sem betur mætti fara. Viðbrögðin rakti Tsjajkovskíj í bréfi þremur árum síðar:

„Ég lék fyrsta kaflann. Ekki eitt orð, ekki ein athugasemd! Ég ákvað að vera hugrakkur og spilaði verkið allt í gegn. Enn þögn. Ég stóð á fætur og spurði, „Jæja?“ Þá hófst orðaflaumurinn, fyrst hæglátur en tók smám saman að líkjast þrumuraust Júpíters. Hann sagði að konsertinn minn væri óspilandi, einskis virði, og svo óhönduglega saminn að ómögulegt væri að lagfæra hann; að verkið væri lélegt og yfirborðslegt; að ég hefði stolið þessum bút héðan og hinum þaðan. Í stuttu máli sagt: Hefði einhver ókunnugur ráfað inn í herbergið meðan á ræðunni stóð hefði sá hinn sami haldið að ég væri skilningssljór og hæfileikalaus fúskari sem hefði sótt heim virtan tónsnilling til þess eins að gera honum lífið leitt.“

Hvað vakti svo hörð viðbrögð? Verkið er augljóslega ekki óspilandi, þótt Tsjajkovskíj hafi kannski ekki fyllilega ráðið við að leika einleikspartinn sjálfur, enda voru hæfileikum hans sem píanisti takmörk sett. Það sem virðist hafa farið mest í taugarnar á Rubinstein var óhefðbundin uppbygging fyrsta kaflans. Upphafsstefið fræga stendur fyrir utan hið hefðbundna sönötuform og er þar fyrir utan ekki í megin-töntegund verksins. Síðari kynslóðir hafa þó sætt sig við hina óvenjulegu framvindu og nú til dags dettur engum í hug að fetta fingur út í hana.

Óöryggi Tsajkovskijs varð til þess að hann endurskoðaði verkið tvívegis. Fyrsta útgáfa konsertsins var gefin út á prenti 1875 og hana frumflutti píanósnillingurinn Hans von Bülow í Boston sama ár. Eftir frumflutninginn í Moskvu skömmu síðar endurskoðaði tónskáldið píanópartinn lítillaga en heildarform verksins hélst óbreytt. Þessi gerð birtist á prenti árið 1879 og það var hún sem Tsajkovskij sjálfur var ánægður með; hann stjórnaði konsertinum margsinnis í þessari útgáfu, allt þar til hann lést árið 1893. Þriðja gerð konsertsins, sú sem ávallt heyrir í tónleikasöllum, kom hins vegar ekki út fyrr en ári síðar, 1894, og ekki þykir víst að Tsajkovskij hafi sjálfur átt hugmyndina að þeim breytingum sem þar er að finna – til dæmis hvað varðar upphafshljómanna frægu í píanóinu, sem áður höfðu verið leiknir sem brotnir hljómar, í minni styrk og áttund ofar. Auk þess er lokapátturinn lítið eitt stytur.

Allar eru breytingarnar fremur smávægilegar, en safnast þegar saman kemur. Böndin berast helst að píanistanum Alexander Siloti, sem var fyrrum nemandi Tsajkovskijs – og varð síðar kennari Rakhmanínovs. Það var ekki fyrr en í fyrra sem útgáfan frá 1879 var leikin á ný, til að minnast þess að 140 ár voru liðin frá því að konsertinn hljómaði í fyrsta sinn. Tsajkovskij-safnið í Klin í Rússlandi hefur nú gefið þessa gerð verksins út á nótum, og er þar byggt bæði á handriti tónskáldsins og prentuðu útgáfunni sem Tsajkovskij notaði þegar hann stjórnaði verkinu á síðustu tónleikum sínum, 28. október 1893.

---

## Tónlistin á Íslandi

*Þetta er í tuttugasta og fyrsta sinn sem Sí flytur fyrsta píanókonsert Tsajkovskijs, en í fyrsta sinn sem útgáfan frá 1879 hljómar á Íslandi. Rögnvaldur Sigurjónsson lék konsertinn í fyrsta sinn á Íslandi í Þjóðleikhúsinu í mars 1953 undir stjórn Róberts A. Ottóssonar. Síðan hafa m.a. flutt verkið Shura Cherkassky (1954 og 1980), Ann Schein (1959), John Ogdon (1968), Peter Donohoe (1982), Peter Maté (1992), Sergio Tiempo (2009) og Jorge Luis Prats (2014).*

## Dmítríj Shostakovitsj

Sinfónía nr. 7



Þjóðverjar réðust inn í Sovétríkin hinn 22. júní 1941 og þremur mánuðum síðar var Leníngrad umkringd á alla vegu. Umsátur Þjóðverja um borgina varði í 900 daga og afleiðingarnar voru hörmulegar. Alls er talið að um milljón manns – þriðjungur borgarbúa – hafi látið lífið í sprengjuárásum, eldsvoðum, úr hungri, smitsjúkdómum og fimbulkulda.

Í þann mund sem hersveitir nasista nálguðust úthverfi borgarinnar tók Dmítríj Shostakovitsj (1906–1975) að festa á blað tóna sjöundu sinfóníunnar, sem kölluð hefur verið „Leníngrad-sinfónían“. Þegar hann hafði lokið við fyrstu þrjá þættina fékk hann skipun frá yfirvöldum um að yfirgefa borgina ásamt konu sinni og börnum. Meðan á stríðinu stóð hafði sovéska stjórnin aðsetur í borginni Kuibyshev, norður af Kaspíahafi, og þangað voru listamenn Leníngrad-borgar einnig sendir, meðal annars heilu listaskólarnir, leikhús- og balletthópar, og hljómsveitir. Þar lauk Shostakovitsj við sinfóníuna í árslok 1941. Frumflutningurinn fór fram í Kuibyshev í mars 1942 og Moskvubúar fengu að heyra verkið nokkrum vikum síðar. Handritið var því næst ljósmyndað og þá fór af stað ævintýraleg atburðarás, filman var send með flugvél til Teheran, keyrð þaðan alla leið til Kairó og loks flogið með hana til New York þar sem Arturo Toscanini stjórnaði hljómsveit NBC-útvarpsstöðvarinnar í beinni útsendingu um gjörvöll Bandaríkin. Sá flutningur vakti feikilega athygli og innsiglaði í huga almennings bandalag austurs og vesturs gegn Hitler og ríki hans.

Ótrúlegastur var samt frumflutningur sinfóníunnar í sjálfri borginni sem fjallað er um. Þar ákváðu yfirvöld að láta flytja verkið til að stappa stálinu í borgarbúa, en Fílharmoníu-hljómsveit borgarinnar hafði verið flutt á brott. Útvarps-hljómsveitin var enn til staðar – eða réttara sagt hluti hennar, því að flestir meðlimir voru ýmist látnir eða nær dauða en lífi. Með því að fá spilara að láni úr herlúðrasveitum tókst að



manna hina stóru hljómsveit sem tónskáldið krefst. Æfingar stóðu mánuðum saman enda höfðu hljóðfæraleikararnir fyrst um sinn ekki þrek til að æfa nema í um 20 mínútur í einu. Loks tókst að flytja verkið 9. ágúst – en þann dag hafði Hitler einmitt áformað að halda mikla veislu til að fagna sigrinum á Leníngrad sem aldrei varð. Sinfóníunni var útvarpað um risahátalara svo að allir borgarbúar – og hersveitir nasista skammt handan við borgarmörkin – gætu heyrt. Í tónleikasalnum sjálfum ætlaði fagnaðarlátunum aldrei að linna; sagt er að áheyrendur hafi klappað á fæti í heila klukkustund eftir að verkinu lauk.

Slíkar undirtektir koma í sjálfu sér ekki á óvart enda er Leníngrad-sinfónían mögnuð smíði. Hún hefst á stafi sem er öryggið uppmálað, og allt virðist fyrst um sinn vera í lukkunnar velstandi. En þegar hin hefðbundnu meginstef sönötuformsins hafa hljómað tekur verkið óvænta stefnu. Örveikur sneriltrommusláttur hljómar í fjarska og honum fylgir nýtt stef – eins konar mars, barnslega einfaldur. Hann er leikinn hvað eftir annað og hljóðfærin taka við hvert af öðru: fiðlur, flautur, óbó, trompet, klarínnett, enskt horn, o.s.frv. Í hvert sinn hljómar stafið sterkar en áður og tromman vex einnig í styrk þegar á líður, eins og tónlistin – eða innrásarliðið sem henni er ætlað að lýsa – færist sífellt nær. Það er varla tilviljun að talsverð líkindi eru með þessu stafi og vinsælli aríu úr *Kátu ekkjunn*, sem var eftirlætisóperetta Hitlers.

---

## Tónlistin á Íslandi

Þótt Leníngrad-sinfónían sé ein sú merkasta sem Shostakovitsj samdi hefur hún aðeins tvisvar sinnum áður hljómað á tónleikum hér á landi, í flutningi Sí undir stjórn Rumons Gamba (2005) og Gennadijs Rozhdestvenskíj (á Listahátið í Reykjavík 2009). Íslendingum gafst kostur á að kynnst verkinu meðan stýrjöldin geisaði enn, því að Leníngrad-sinfónían var leikin af plötum í Ríkisútvarpinu í október 1943, í hljóðritun Toscaninis og NBC-hljómsveitarinnar frá árinu áður. Eggert Stefánsson tenórsöngvari hreifst svo af verkinu að hann ritaði grein í *Tímarit Máls og menningar og sagði meðal annars*: „Óendanlegt er þakklæti vort. Allur heimurinn hefur glaðzt.“

Lýsing Shostakovitsj á innrás nasista á margt skylt við hermitónlist 19. aldar en margföld endurtekning stefsins með vaxandi styrk ber einnig vott um áhrif frá *Bolero* eftir Ravel. Ekki voru allir hrifnir af efnistöku Shostakovitsj. Árið 1943 gerði Béla Bartók, ungerski tónsnillingurinn sem bjó við kröpp kjör í New York og þótti lítið til vinsælda Leníngrad-sinfóníunnar koma, kostulegt grín að hinum „truflaða“ sinfóníukafla í meistaraverkinu *Konsert fyrir hljómsveit* (Intermezzo interrotto).

Eftir innrás þessa óvænta stefs stendur vart steinn yfir steini og þegar upphafsstefþáttarins snýr aftur er allt breytt. Það sem

áður var björt og glaðvær tónlist hljómar nú í dökkum moll; blíðar fiðluhendingar eru orðnar að döprum fagotttönnum. Kaflinn heldur sig á veiku nótunum það sem eftir er og undir lokin má enn heyra óm af trommuslætti í fjarska.

Annar kafli sinfóníunnar hefst með ljóðrænu og dansandi stefi í fiðlum; skömmu síðar leikur óbó tregablandna laglínu. Það er ekki fyrr en seinna að tónlistin skiptir um gír, tekur upp þrískiptan takt með skræku stefi í Es-klarínetti. Þriðji þáttur er alvaran uppmáluð. Tvær tónhugmyndir ráða ferðinni, annars vegar eins konar sálmalag sem blásarar leika, hins vegar fagurt stef í fiðlum. Áður en kaflanum lýkur hefur Shostakovitsj sameinað stefin tvö á áhrifamikinn hátt.

Lokaþátturinn hefst á hægum og veikum tönnum. Andrúmsloftið einkennist af varkárni en spennan vex eftir því sem á líður, með glæsilegum tilþrifum og miklum lúðraþyt. Átökin eru á köflum töluverð, en undir lokin er eins og allt hafi verið leyst farsællega. Nú leikur hver eins og hann eigi lífið að leysa, en þó er nógu mikið af „vitlausum“ nótum til að draga nokkuð úr áhrifamætti lokasigursins. Kannski er það einmitt það sem Shostakovitsj ætlaði sér.

Árni Heimir Ingólfsson

---

## Shostakovitsj í brennidepli

Tónlist Shostakovitsj nýtur að því er virðist sífellt meiri hylli. Í janúar síðastliðnum frumsýndi BBC heimildarmynd um Leníngrad-sinfóníuna, *Leningrad and the Orchestra that Defied Hitler*. Myndin byggir á nýlegri bók um tilurð verksins og frumflutning, *Leningrad: Siege and Symphony* eftir Brian Moynahan, sem vakið hefur mikla athygli. Þá má geta þess að fyrir aðeins fáeinum vikum kom út ný bók enska skáldsins Julian Barnes, sem hlaut Booker-verðlaunin árið 2011 fyrir bókina *The Sense of an Ending* (Að endingu). Nýja skáldsagan ber heitið *The Noise of Time* og er byggð á ævi Shostakovitsj.

## Á döfinni

### Barton syngur Brahms

**Fim. 18. feb. » 19:30**



Bandaríska mezzósópransöngkonan Jamie Barton vakti athygli söngunnenda um heim allan þegar hún hlaut fyrstu verðlaun í Cardiff Singer of the World-keppninni 2013. Hún söng með sinni flauelsmjúku rödd í þriðju sífóníu Mahlers á Listahátíð í Reykjavík 2014 og vann þar hug og hjörtu tónleikagesta. Nú kemur hún aftur til Íslands og syngur hina undurfögru og tjáningarríku Alt-rapsódíu eftir Brahms, með Karalakórnum Fóstbræðrum, sem Sífóníuhljómsveit Íslands flytur í fyrsta sinn. Auk Alt-rapsódiunnar hljómar æskufagur forleikur Schuberts að leikritinu Rósamundu, sem og hin stórbrotna fimmta sífónía Bruckners. Stjórnandi tónleikanna er Hannu Lintu.

**Tónleikakynning » 18:00**

### Arvo Pärt og Hamrahlíðarkórarnir

**Fim. 3. mars » 19:30**



Eistneska tónskáldið Arvo Pärt hefur heillað heimsbyggðina með einstökum og undurfögurum tónsmíðum. Á tónleikunum heyrast tvö verka hans, Cantus in memoriam Benjamin Britten, fyrir strengjasveit og bjöllu, og Te Deum með Hamrahlíðarkórnum. Í sífóníu nr. 3 eftir Górecki sem nefnd hefur verið Sífónía tregafullra söngva flytur Hallveig Rúnarsdóttir dramatískan texta þar sem missir og viðskilnaður eru meginviðfangsefnið. Stjórnandi tónleikanna er Tönu Kaljuste sem hefur túlkað tónlist Pärts á metsöludiskum og tónleikum víða um heim.

**Tónleikakynning » 18:00**

## Á döfinni

### Ný föstudagsröð í Norðurljósum

Í mars hefur göngu sína ný og fersk tónleikaröð í Norðurljósum undir stjórn Daníels Bjarnasonar hljómsveitarstjóra og staðarlistamanns Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Á tónleikunum teflir Daníel saman fullvaxta hljómsveitarverki og einleiksverki sem þó eiga sitt hvað sameiginlegt. Tónleikarnir sem eru klukkustundarlangir og hefjast kl. 18 eru tilvalinn upptaktur að skemmtilegu kvöldi eða lokahnykkur á vinnuvikunni. Miðaverði er stillt í hóf og einnig er hægt að kaupa áskriftarkort að röðinni.

<b>Meistarar laglínunnar</b>	<b>4. mars</b>
<b>Hafið, hafið ...</b>	<b>1. apríl</b>
<b>Tímamótaárið 1910</b>	<b>6. maí</b>



## Yrkja - Tónskáldastofa

Sinfóníuhljómsveitin og Tónverkamiðstöðin bjóða þremur tónskáldum að verja níu mánuðum með hljómsveitinni þar sem þau munu þróa færni sína í að skrifa fyrir hljómsveit og frumflytja ný verk. Tónskáldin fá innsýn í innra starf hljómsveitarinnar og vinna náið með hljóðfæraleikurunum undir handleiðslu Daníels Bjarnasonar.

Áhersla er lögð á ferli listsköpunar og eru þátttakendur hvattir til að þróa hugmyndir sínar og aðferðir við sköpun. Þetta níu mánaða ferli mun meðal annars fela í sér tvær tónskáldastofur og uppskerutónleika með Sinfóníuhljómsveitinni 13. apríl kl. 18:00.

## Á döfinni

### Tectonics Reykjavík

Tónlistarhátíðin Tectonics Reykjavík fer fram í fimmta sinn í Hörpu dagana 14. og 15. apríl. Sinfóníuhljómsveit Íslands stendur fyrir hátíðinni og sem fyrr er Ilan Volkov listrænn stjórnandi hennar. Dagskráin fer fram frá kl. 18 til 23 báða dagana. Alls verða haldnir átta tónleikar sem eru að vanda stútfullir af spennandi tónlist.

Meðal listamanna sem koma fram auk Sinfóníuhljómsveitar Íslands eru Roscoe Mitchell (US), Peter Ablinger (AU), Goodiepal (DK) og Séverine Ballon (FR). Sinfóníuhljóm-sveitin frumflytur alls átta ný verk sem flest verða frumflutt á heimsvísu á hátíðinni. Höfundar þessara verka eru: Jim O'Rourke, Peter Ablinger, Roscoe Mitchell, Hilmar Örn Hilmarsson, Frank Denyer, Davíð Franzson, Þráinn Hjálmarsson og María Huld Markan Sigfúsdóttir.



### Fiðlukonsertar Sigrúnar Eðvaldsdóttur

Út er kominn nýr hljómdiskur í röð sem endurspeglar mikilvæg augnablik helstu einleikara úr röðum Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Sigrún Eðvaldsdóttir er í hlutverki einleikarans á þessum diskum sem inniheldur fjóra af þekktustu fiðlukonsertum tónbókmenntanna frá 19. og 20. öld eftir Brahms, Dvořák, Sibelius og Berg. Konsertarnir eiga það sameiginlegt að einleikshlutverk þeirra allra er mjög krefjandi, bæði hvað tækni og mótun varðar en um leið er hlutverk hljómsveitarinnar íburðarmikið. Þá eru þeir allir sömuleiðis einu fiðlukonsertar tónskáldanna.



# Hljómsveit á tónleikum

11. febrúar 2016

## 1. FIÐLA

Sigrún Eðvaldsdóttir  
Una Sveinbjarnardóttir  
Gerður Gunnarsdóttir  
Bryndís Pálsdóttir  
Ingrid Karlsdóttir  
Hildigunnur Halldórsdóttir  
Zbigniew Dubik  
Rósa Hrund Guðmundsdóttir  
Ísak Rikharðsson  
Olga Björk Ólafsdóttir  
Andrzej Kleina  
Ágústa María Jónsdóttir  
Pálína Árnadóttir  
Mark Reedman

## 2. FIÐLA

Roland Hartwell  
Pascal La Rosa  
Ólöf Þorvarðsdóttir  
Helga Þóra Björgvinsdóttir  
Dóra Björgvinsdóttir  
Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir  
Sigurlaug Eðvaldsdóttir  
Kristján Matthíasson  
Þórdís Stross  
Greta Guðnadóttir  
Hlín Erlendsdóttir  
Christian Diethard

## VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir  
Svava Bernharðsdóttir  
Kathryn Harrison  
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson  
Þórarinn Már Baldursson  
Guðrún Þórarinsdóttir  
Herdís Anna Jónsdóttir  
Jónína Auður Hilmarsdóttir  
Sarah Buckley  
Móeiður Sigurðardóttir

## SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson  
Sigurður Bjarki Gunnarsson  
Margrét Árnadóttir  
Bryndís Björgvinsdóttir  
Inga Rós Ingólfssdóttir  
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir  
Ólöf Sigursveinsdóttir  
Hrafnkell Orri Egilsson  
Júlía Mogensen

## BASSI

Hávarður Tryggvason  
Páll Hannesson  
Dean Ferrell  
Jóhannes Georgsson  
Richard Korn  
Þórir Jóhannsson  
Gunnlaugur Torfi Stefánsson

## FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir  
Áshildur Haraldsdóttir  
Emilía Rós Sigfúsdóttir

## ÓBÓ

Giorgi Kalandarishvili  
Peter Tompkins  
Matthias Nardeau

## KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir  
Ármann Helgason  
Grímur Helgason  
Rúnar Óskarsson

## FAGOTT

Michael Kaulartz  
Brjánn Ingason  
Rúnar Vilbergsson

## HORN

Stefán Jón Bernharðsson  
Emil Friðfinnsson  
Joseph Ognibene  
Lilja Valdimarsdóttir  
Rakel Björt Helgadóttir  
Sturlaugur Jón Björnsson  
Ella Vala Ármannsdóttir  
Flemming Aksnes

## TROMPET

Einar Jónsson  
Eiríkur Örn Pálsson  
Ásgeir Steingrímsson  
Guðmundur Hafsteinsson  
Jóhann Ingvi Stefánsson  
Jóhann Már Nardeau

## BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson  
Oddur Björnsson  
Einar Jónsson  
Octavio Montava  
Ingibjörg Guðlaugsdóttir  
David Bobroff, bassabásúna

## TÚBA

Nimrod Ron

## HARPA

Katie Buckley  
Elísabet Waage

## PÍANÓ

Anna Guðný Guðmundsdóttir

## PÁKUR

Eggert Pálsson

## SLAGVERK

Steef van Oosterhout  
Frank Aarnink  
Árni Áskelsson  
Kjartan Guðnason  
Pétur Grétarsson  
Einar Valur Scheving

Yan Pascal Tortelier aðalhljómsveitarstjóri frá september 2016

Osmo Vänskä aðalgeststjórnandi  
Vladimir Ashkenazy heiðursstjórnandi  
Daniel Bjarnason staðarlistamaður

Arna Kristín Einarsdóttir framkvæmdastjóri  
Árni Heimir Ingólfsson listrænn ráðgjafi  
Margrét Sigurðsson fjármálafulltrúi  
Grímur Grímsson sviðsstjóri

Anna Sigurbjörnsdóttir tónleikastjóri  
Hjördis Ástráðsdóttir fræðslustjóri  
Kristbjörg Clausen nótna- og skjalavörður  
Sigþór J. Guðmundsson sviðsstjóri

Margrét Ragnarsdóttir markaðs- og kynningarstjóri  
Greipur Gíslason verkefnastjóri  
Una Eyþórsdóttir mannauðsstjóri  
Jökull Torfason umsjónarmaður nótna



## Baksviðs með Sinfóníuhljómsveit Íslands

Sigrún Eðvaldsdóttir, 1. konsertmeistari, og systir hennar, Sigurlaug Eðvaldsdóttir, eru hluti af fiðlusveitinni.

**Sigrún:** Auðvitað þykir okkur rosalega vænt um fiðluna en þetta er líka stundum svolítið erfitt samband. Hljóðfærið er oft **harður húsbóndi**. **Sigurlaug:** Einmitt, en samt er gott samband við góða fiðlu eins og gott ástarsamband, það svarar allt svo vel.

Við vitum öll hvað það merkir að stilla saman strengi, en í starfi Sinfóníuhljómsveitar Íslands er orðtakið notað í bókstaflegri merkingu og í raun er fátt nauðsynlegra. Fagmennska er leiðarstef í öllu starfi hljómsveitarinnar.

Sigrún Eðvaldsdóttir er ástríðufullur tónlistarmaður sem gefur allt í flutninginn á milli þess sem hún leikur angurvært á fiðluna. Sigrún hefur leikið víða um lönd og náð góðum árangri í alþjóðlegum fiðlukeppnum. Eldri systir Sigrúnar, Sigurlaug Eðvaldsdóttir, hefur kennt þeirri yngri allt sem hún kann. Framhaldsnám í fiðluleik

stunduðu þær báðar fyrir vestan haf, Sigurlaug í New York við Manhattan School of Music en Sigrún við hinn sögufræga Curtis-tónlistarháskóla í Philadelphia.

Fiðlan ber oftar en ekki uppi laglínur tónbókmenntanna, getur fengið hárin til að rísa og á hug þeirra systra allan.

GAMMA er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Við erum stolt af samstarfi okkar við hljómsveitina og ánægð með að geta tekið höndum saman með ástríðufullu fagfólki um þetta mikilvæga starf.

**GAMMA**

[www.gamma.is](http://www.gamma.is)



# Kvikmyndatónleikar

Jóhann Jóhannsson

Fim. 17. mars » 20:00

Jóhann Jóhannsson telst nú til helstu kvikmynda tónskálda samtímans. Hann er tilnefndur til Óskarsverðlauna annað árið í röð, í þetta sinn fyrir tónlist við myndina Sicario, og hlaut í fyrra Golden Globe-verðlaunin fyrir The Theory of Everything, sem fjallar um líf Stephens Hawking. Á þessum tónleikum verða frumfluttar þrjár nýjar hljómsveitarsvítur með

Tryggið ykkur miða

tónlist Jóhanns, úr Sicario, The Theory of Everything og Prisoners. Auk þess hefur Jóhann sjálfur valið á efnið nýlega kvikmyndatónlist eftir þau Jonny Greenwood og Mica Levi. Einnig hljómar sívinsæl tónlist eftir John Williams, m.a. úr Jurassic Park, Superman, ET og Indiana Jones. Stjórnandi er Adrian Prabava.